

Umsögn vegna máls nr. 1130

6. júní 2024

Við erum feðgar sem eigum og rekum lítið byggingarfyrirtæki sem var að byggja parhús í Hlíðarhverfi í Grindavík þegar þessir atburðir hófust.

Íbúðirnar eru langt komnar, hægt væri að flytja inn eftir 2 mánuði ef vilji væri fyrir hendi.

Mikið persónulegt eigið fé liggur í þessu verkefni þar sem að þetta er okkar fyrsta verkefni og jafnvel stóð til að flytja í íbúðirnar sjálfir.

Okkur finnst ekki sanngjarnt að eina sem stendur á milli okkar og uppkaupa af hálfu Þórkötlu er eignarhaldsformið. Lítum við á að verið sé að mismuna fólki og stefna fólki og fyrirtækjum í gjaldþrot.

Húsin sem umræðir eru Mávahlíð 13 og 15

Fh. Bergsson ehf

Bergur Bjarni Karlsson

Daníel Snær Bergsson